

fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reiknings-skilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Verðbréfaþingsins á árinu 1997, efnahag þess 31. desember 1997 og breytingu á handbæru fé á árinu 1997, í samræmi við lög, samþykktir þingsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 24. febrúar 1998.

KPMG Endurskoðun hf.
Tryggvi Jónsson.

Nr. 228

4. apríl 1998

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 554/1996 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

1. gr.

Viðauki III við reglurnar breytist á eftirfarandi hátt:

1.1. Eftirfarandi líffræðilegu skaðvöldum er bætt við og flokkaðir sem hér segir:

- undir yfirskriftinni „Bakteríur og skyldar örverur“ bætist við:
 - Bartonella (Rochalimea) spp. sem flokkast í flokk 2,
 - Escherichia coli, stofn sem myndar frumuskemmandi eitur („verocitotoxigenic“) (t.d. 0157:H7 eða 0103), sem flokkast í flokk 3 (**) með athugasemdinni T,
 - Mycoplasma hominis, sem flokkast í flokk 2,
 - Mycoplasma caviae, sem flokkast í flokk 2,
 - Shigella dysenteriae, önnur en tegund 1, sem flokkast í flokk 2,
- undir yfirskriftinni „Veirur“ bætist við:
 - undir Arenaviridae:
 - Guanarito, sem flokkast í flokk 4,
 - Sabia, sem flokkast í flokk 4,
 - Flexal, sem flokkast í flokk 3
 - aðrar úr hópi LCM-Lassa skyldum veirum, sem flokkast í flokk 2,
 - undir Bunyaviridae:
 - Germiston, sem flokkast í flokk 2,
 - Sin Nombre (áður þekkt sem Muerto Canyon), sem flokkast í flokk 3,
 - Belgrade (einnig þekkt sem Dobrava), sem flokkast í flokk 3,
 - Bhanja, sem flokkast í flokk 2,
 - undir Flaviviridae:
 - Hepatitis G, sem flokkast í flokk 3 (**) með athugasemdinni D,
 - undir Herpesviridae:
 - herpes í mönnum veira 7, sem flokkast í flokk 2,
 - herpes í mönnum veira 8, sem flokkast í flokk 2, með athugasemdinni D,
 - undir óflokkuðum veirum:
 - Equine morbillivirus, sem flokkast í flokk 4,
- undir yfirskriftinni „Sveppir“ bætist við:
 - Candida tropicalis, sem flokkast í flokk 2,
 - Cladophialophora bantiana (áður þekkt sem: Xylopha bantiana, Cladosporium bantianum eða trichoides), sem flokkast í flokk 3,

- *Scedosporium apiospermum* (*Pseudallescheria boydii*) sem flokkast í flokk 2,
- *Scedosporium prolificans* (*inflatum*), sem flokkast í flokk 2.

1.2. Undir yfirskriftinni „Bakteríur og skyldar örverur“ eru eftirfarandi breytingar:

- nafnið á líffræðilega skaðvaldinum *Pseudomonas mallej* er breytt í *Burkholderia mallei* (*Pseudomonas mallei*),
- nafnið á líffræðilega skaðvaldinum *Pseudomonas pseudomallej* er breytt í *Burkholderia pseudomallei* (*Pseudomallei*),
- nafnið á líffræðilega skaðvaldinum *Rochalimaea quintana* er breytt í *Bartonella quintana* (*Rochalimaea quintana*).

1.3. Undir yfirskriftinni „Vírusar“ eru eftirfarandi breytingar:

- flokkur *Arenaviridae* er endurskipulagður á eftirfarandi hátt:
 - *LCM-Lassa* skyldar veirur (*Gamla heims veirur*):
 - *Lassa* sóttveira, sem flokkast í flokk 4,
 - *Gerlalaus mengisbólguveira* (*taugasæknir stofnar*), sem flokkast í flokk 3,
 - *Gerlalaus mengisbólguveira* (*aðrir stofnar*), sem flokkast í flokk 2,
 - *Mopeia-veira*, sem flokkast í flokk 2,
 - aðrar úr hópi í *LCM-Lassa* skyldum veirum, sem flokkast í flokk 2,
 - *Takaribskyldar veirur* (*Nýja heims veirur*):
 - *Guanarito veira*, sem flokkast í flokk 4,
 - *Junin veira*, sem flokkast í flokk 4,
 - *Sabia veira*, sem flokkast í flokk 4,
 - *Machupo veira*, sem flokkast í flokk 4,
 - *Flexal veira*, sem flokkast í flokk 4,
 - í stað „*Mopeia veira* og aðrar *Takaribveirur*“ kemur „*Aðrar Takarib skyldar veirur*“ sem eru flokkaðar í flokk 2,
- flokkurinn „*Óflokkaðar veirur*“ er leiðréttur á eftirfarandi hátt:
 - í stað „*Blóðlifrabólguveirur* sem hafa ekki verið greindar“ kemur „*Lifrabólguveirur* sem hafa ekki verið greindar“
 - líffræðilegi skaðvaldurinn *E-lifrabólguveira* er færð úr hópi óflokkaðra veira í hópinn *Calciviridae*.

1.4. Orðalagi á neðanmálgrein „(I)“, sem kemur á eftir lista yfir veirur, er skipt út fyrir eftirfarandi:

„Það liggja engar afgerandi sannanir fyrir um smitun í mönnum af völdum þessara skaðvalda sem valda heilahrömun. Þrátt fyrir það er mælt með innilokunarstigi á rannsóknarstofum sem miðast við meðhöndlun á áhættuflokki 3 (**), sem varúðar-ráðstöfun.“

2. gr.

Reglur þessar sem eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 39. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 97/59ESB, eru hér með staðfestar og öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. apríl 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Elín Blöndal.